

LÖG

um breytingu á lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Sjóður þessi nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárens. Ráðherra setur reglur um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.

2. gr.

Í stað „1. mgr.“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: 3. mgr.

3. gr.

Í stað „2. mgr.“ í 8. gr. laganna kemur: 3. mgr.

4. gr.

Við 3. mgr. 10. gr. laganna bætast þrír nýir málslíðir er orðast svo: Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda aflu, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni Mathiesen.